

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1984.**EIGNIR**

Bankainnstæður	12 007,57
	12 007,57

SKULDIR**Höfuðstólsreikningur:**

Hrein eign pr. 1. janúar 1984	kr. 10 310,15	
Hreinar tekjur árið 1984	1 697,42	12 007,57
		12 007,57

*Samgönguráðuneytið, 24. mars 1986.***Halldór S. Kristjánsson.**

14. maí 1986

Nr. 259

REGLUGERÐ**um bann við veiðum smábáta í júní og
netaveiðum fiskiskipa í júlí og ágúst.****1. gr.**

Á tímabilinu frá og með 7. júní til og með 9. júní 1986 og frá og með 15. júní til og með 18. júní 1986, er bátum, sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1986 til og með 15. ágúst 1986 eru allar þorsfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986—1987.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986—1987, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.*Jón B. Jónasson.*